

1. Tillaga Á-lista vegna fjárhagsáætlunar.

Fulltrúar Á-lista í sveitarstjórn Rangárbings ytra leggja til að farið verði af krafti í að selja hlut sveitarfélagsins í Suðurlandsvegi 1-3 hf. til að komast hjá 200 milljóna króna lántöku árið 2021. Eins og áður hefur verið bent á er ekki lögboðið hlutverk sveitarfélagsins að standa að rekstri verslunar- og þjónustuhúsnæðis og því einboðið að selja þennan hlut til þess að geta hafið framkvæmdir við nýjan leik- og grunnskóla án lántöku.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Steindór Tómasson

Yngvi Harðarson

2. Tillaga um heimasíðu.

Fulltrúar Á-lista í sveitarstjórn Rangárbings ytra leggja til að heimasíða sveitarfélagsins verði uppfærð og gerð aðgengilegri. Upplýsingar um starfsemi stofnana verði samræmdar, s.s. samþykktir, ársreikningar, reglur, gjaldskrár og fundargerðir. Jafnframt verði farið yfir fundargerðir samstarfsverkefna og þær birtar ásamt fylgigögnum. Sveitarstjóra falið að koma þessu í framkvæmd og að verkinu verði lokið fyrir 1. febrúar 2021.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Steindór Tómasson

Yngvi Harðarson

Greinargerð:

Á heimasíðu sveitarfélagsins leita fólk að upplýsingum um starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins og stofnana þess. Eins og staðan er í dag er lítið sem ekkert samræmi á heimasíðunni og þarf að fara ýmsar krókaleiðir til að fá upplýsingar um starfsemi einstaka stofnana. Mun aðgengilegra væri ef undir flípa viðkomandi stofnana væri hægt að finna allar upplýsingar, s.s. samþykktir, reglur, ársreikninga, gjaldskrár og fundargerðir.

3. Tillaga um að leggja byggðarráð niður.

Fulltrúar Á-lista í sveitarstjórn Rangárbings ytra leggja til að byggðarráð Rangárbings ytra verði lagt niður frá og með 1. apríl 2021 og sveitarstjórn fundi þess í stað tvisvar í mánuði.

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Steindór Tómasson

Yngvi Harðarson

Greinargerð:

Markmið tillögunnar er að allir kjörnir fulltrúar sitji fundi sem varða yfirstjórn sveitarfélagsins, en ekki annan hvern fund líkt og nú er, og með því verði stjórnarsýslan skilvirkari og opnari.

Tilgangurinn með byggðarráði á sínum tíma var að flýta stjórnarsýsluákvörðunum og meðal annars afgreiðslu byggingaleyfa en með breyttum lögum er sú afgreiðsla nú á hendi skipulags- og byggingarfulltrúa.

Fulltrúar Á-lista telja að sú aðgerð að leggja niður byggðarráð myndi einfalda og bæta stjórnarsýsluna og gera hana opnari. Ef kjörnir fulltrúar sem ekki sitja í byggðarráði vilja tjá sig um einstök mál sem afgreidd hafa verið úr byggðaráði, þá er það tvíverknaður og heppilegra að okkar mati að öll mál sem til afgreiðslu eru, komi fyrir fullskipaða sveitarstjórn og að umræðan og fullnaðarafgreiðsla eigi sér stað á sveitarstjórnarfundi.

Í sumarleyfi afsalar sveitarstjórn valdi sínu til byggðarráðs. Síðastliðið sumar liðu þrjú mánuðir frá síðasta fundi sveitarstjórnar fyrir sumarleyfi, þar til fyrsti fundur eftir sumarleyfi átti sér stað. Það er of langur tími að okkar mati, enda sumarleyfi á almennum vinnumarkaði að jafnaði rúmlega mánuður.

Byggðarráð fer með eftirlit fjármála sveitarfélagsins, sé það ekki öðrum falið, en allir sem til þekkja vita að það er starfsfólk sveitarfélagsins, aðallega sveitar- og fjármálastjóri, sem annast undirbúning og útreikning alls er varðar fjármálastjórn og eftirlit og ættu kynningar þeirra á helstu tölum varðandi rekstur sveitarfélagsins að koma fyrir fullskipaða sveitarstjórn. Sé um viðkvæm mál að ræða er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að loka fundi.

Fulltrúum Á-lista þykir eðlilegt að oddviti sveitarfélagsins undirbúi fundi og sé vel inni öllum málum, en til að mynda hefur sú hefð skapast að oddviti á yfirleitt ekki sæti í byggðarráði.

Þegar sveitarstjóri er einn kjörinna fulltrúa þá situr hann hinsvegar flestalla fundi, sem starfsmaður og/eða kjörinn fulltrúi með málfrelsi og tillögurétt.

Ástæða þess að lagt er til að hafa tvo fundi í mánuði er sú að ella gætu fundir dregist talsvert á langinn. Ef fundarstjórn er góð og mál vel undirbúin á það þó ekki að þurfa að vera. Sjálfsagt er þó að kanna það fyrirkomulag að hafa einn fund í mánuði.

Ef ákveðið verður að leggja niður byggðarráð þá þarf sveitarstjórn að vinna í breytingum á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins og kjör kjörinna fulltrúa.